

Stjórnarfundur FEB nr. 486, fimmtudagur 01.06.2023 kl. 13:30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir: Ingibjörg Sverrisdóttir, Árni Gunnarsson, Ástrún Björk Ágústsdóttir, Ingibjörg Óskarsdóttir, Kári Jónasson, Kolbrún Stefánsdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Stefanía Valgeirs dóttir og Viðar Eggertsson

Fjarverandi: Gunnar Magnússon

Einnig sat fundinn, Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri FEB.

1. Stjórnarfundergarð nr. 485 undirrituð og samþykkt.

2. Árskógar 1 og 3.

Fyrir fundinum liggur bréf frá Lögmönnum Laugavegi 3, vegna kröfu frá Húsfélaginu Árskógar 1-3 um endurgreiðslu til þeirra vegna útagðs kostnaðar vegna þess sem þeir segja sé galli á húsnæðinu.

Skrifstofa FEB hefur beðið um afrit af reikningum og jafnframt afrit af leyfi byggingafulltrúa og niðurstöðu brunaúttektar eftir framkvæmd á aksturshurð sem húsfélagið réðst í.

Umbeðin gögn hafa ekki borist og því getur stjórn ekki tekið afstöðu til málsins.

3. Eiðismýri 30

Fyrir fundinum liggur bréf frá Húsfélaginu Eiðismýri 30 um áhuga þeirra að breyta áhvílandi kvöð á íbúðum þannig að í stað þess að hún sé að eigendur íbúða þurfi að vera 60 ára eða eldri og félagar í FEB Reykjavík og nágrenni geti eigandi íbúða valið sér eitthvað af þeim eldri borgara félögum sem eru í Landssambandi eldri borgara.

Stjórnin þakkar fyrir bréfið en ekki stendur til að breyta núverandi kvöðum á Eiðismýri 30.

4. Leigufélag aldraðra (LA)

- Upplýst var að stjórnarformaður FEB hafi fundað með stjórnarformanni LA til að stilla saman strengi en sí fundur hafi ekki skilað tilskildum árangri .
- Rædd voru samskipti formanns fulltrúaráðs LA og stjórnarformanns FEB við stjórnarmenn LA í aðdraganda ársfundar LA, sem fram fór í apríl s.l. Gerðu þau athugasemd við að formaður stjórnar FEB fékk einn boð á ársfund LA en hvorki formaður fulltrúaráðs né aðrir fulltrúar ráðsins fengu boðun. Var það mat stjórnarformanns FEB og formanns fulltrúaráðs LA að kalla þyrfti til lögfræðing - með tilheyrandi kostnaði - til að fá þessari ákvörðun hnekkt og var það niðurstaðan.

Kári Jónasson, stjórnarmaður, gerði alvarlega athugasemd við aðkomu lögfræðings sem ekki þekkti til málsins og þess kostnaðar sem kom til vegna hans og vék af fundi í kjölfarið.

- Byggingin á Vatnsholti er á lokastigi . Leigendur eru fluttir inn í annað húsið og ferli útleigu í gangi með seinna húsið. Búist er við að íbúðir á Akranesi verði tilbúnar á haustdögum.

Fundarmenn eru sammála um að mikilvægasta verkefnið nú sé að tryggja umgjörð starfsemi Leigufélagsins til framtíðar og fá til þess ábyrgan aðila.


5. Kynningar á kjara- og húsnæðismálum

Stjórnarmenn óskuðu eftir sérstakri kynningu á kjaramálum og húsnæðismálum aldraðra. Formaður tók það verkefni að sér og mun útfæra og fá hjálp frá sérfræðingum. Stefnt er að kynningum í september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.30

Fundargerð ritaði

Ástrún Björk Ágústsdóttir


Ástrún Björk Ágústsdóttir
Ólafur Óskarsdóttir
Stefania Þorvaldsdóttir
Gunn Valgerð
Þórunn Einarsdóttir